

Nd.

47. Frumvarp til laga

[47. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna komi ný málsg. svohljóðandi:

Ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift samkvæmt úrskurði valdsmanna að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiða framlög samkvæmt ákvæði 1. mgr.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi ný málsg. svohljóðandi:

Ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift samkvæmt úrskurði valdsmanna að innheimta greiðslur samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiða framlög samkvæmt ákvæði 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 19. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 15. apríl 1981, eru ákvæði sem kveða á um heimild til að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar- og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs, svo og ákvæði um að heimilt sé að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi framlag vegna sérstakra útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Ljóst er að þessi ákvæði barnalaganna eru mjög mikilvæg og geta oft ráðið úrslitum um framhaldsmenntun eða starfsþjálfun barna einstæðra foreldra.

Þegar ofangreind ákvæði voru lögfest var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra eða börn þeirra ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta greiðslu skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna.

Hér er því um að ræða augljóst ranglæti og mismunun í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra. Með þessu frumvarpi er leitast við að leiðrétta það.

Ef reynt er að áætla hvað hér er um stóran hóp einstæðra foreldra eða barna þeirra að ræða sem ekki njóta réttar samkvæmt þessum ákvæðum barnalaganna kemur eftirfarandi í ljós:

Í könnun, sem nýlega var gerð á kjörum og félagslegri stöðu einstæðra foreldra í landinu, kemur fram að einstæðir foreldrar í landinu töldust samkvæmt þjóðskrá vera 6250 þann 1. des. 1983. Þessir einstæðu foreldrar höfðu á framfæri sínu 8283 börn, 15 ára og yngri, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins fengu 834 einstæðir foreldrar greiddan barnalífeyri með börnum sínum yngri en 18 ára vegna andláts annars hvors foreldris.